

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Íslensk réttarskipun, Evrópuréttur og fræðikerfi lögfræðinnar

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðakerfi lögfræðinnar (50%)
ATH. Prófið er þrískipt: Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar (50%), ábyrgðir (25%), ágríp úr réttarfari (25%).

Prófdagur: 1. nóvember 2014 Kl.: 9:00 til 13:00

Próftími alls: 4 klst. Prófblöð vegna þessa hluta prófsins, þmt. forsíða): 5

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir Fylgiblöð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og líta þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. Raunhæft verkefni (20%)

Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán segir:

„Ef lánssamningur heimilar verðtryggingu eða breytingu á vöxtum eða öðrum gjöldum sem teljast hluti árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur er gerður, skal reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar miðað við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánstímans.“

Fyrir liggur að íslensk fjármálafyrirtæki, sem og Íbúðalánasjóður, hafa lagt þann skilning í tilvísað lagaákvæði að í því felist að við útreikning á heildarlántökukostnaði og svokallaðri árlegri hlutfallstölu kostnaðar, sem birtur er lántaka við samningsgerð, sé rétt að miða við 0% verðbólgu, sbr. einkum tilvísað orðalag „að verðlag ... verði óbreytt“. Halda þau því fram að þessi niðurstaða leiði, meðal annarra atriða, af orðalagi ákvæðisins, venjuhelgaðri framkvæmd þess og eðli málsins.

Því hefur hins vegar verið hreyft að þessi túlkun fái ekki samrýmst ákvæðum tilskipunar nr. 87/102/EBE um neytendalán, eins og tilskipuninni var breytt með tilskipun nr. 90/88/EBE og tilskipun nr. 98/7/EB, en allar þessar tilskipanir hafa verið teknar upp í EES-samninginn og eru þar með hluti af þjóðréttarlegum skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum. Hefur því meðal annars verið haldið fram að tilskipun nr. 87/102/EBE leiði þvert á móti til þess að taka verði tillit til verðbólguþriggja á lántökudegi við útreikning á heildarlántökukostnaði og hinni svokölluðu árlegri hlutfallstölu kostnaðar, meðal annars þannig að neytandi geti að sönnu áttað sig á umfangi skuldbindingarinnar sem hann undirgengst.

Íslenskir dómstólar hafa leitað ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins á þessu mikilvæga álitaefni, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands 6. desember 2013 í máli nr. 737/2013. Álit EFTA-dómstólsins liggur ekki ennþá fyrir.

Takið rökstudda afstöðu til eftirfarandi álitaefna:

- (i) Verði niðurstaða hins ráðgefandi álits sú að óheimilt sé, samkvæmt *tilskipuninni*, að miða við 0% verðbólgu, leiðir slíkt til þess, í ljósi eðlis og skuldbindinga íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum, að slíkt verði sjálfkrafa niðurstaðan að *íslenskum rétti*, þ.e. við beitingu/skýringu 1. mgr. 12. gr. laga nr. 121/1994? (4%)
- (ii) Hvort, og þá hverju, myndi það breyta með tilliti til svarliðar (i) ef í reglugerð, en ekki tilskipun, væri kveðið á um að óheimilt væri að miða við 0% verðbólgu? (4%)
- (iii) Hvort, og þá hverju, getur það breytt með tilliti til svarliðar (ii) ef Ísland væri aðili að Evrópusambandinu? (4%)
- (iv) Verði niðurstaða hins ráðgefandi álits sú að óheimilt sé, samkvæmt tilskipuninni, að miða við 0% verðbólgu, en íslenskir dómstólar kæmust allt að einu að þeirri niðurstöðu að samkvæmt íslenskum lögum, þ.e. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 121/1994, væri heimilt að miða við 0% verðbólgu, hvort og þá hvaða úrræði gætu mögulega staðið lántaka til boða af því tilefni að íslenskum rétti? (4%)

- (v) Hvaða lögskýringarsjónarmið íslensks réttar gætu mögulega komið til skoðunar við lögskýringu 1. mgr. 12. gr. laga nr. 121/1994 í ofangreindu samhengi? (4%)

2. Ritgerð (15%)

Svarið annað hvort A eða B.

- A) Lýsið inntaki og samspili lögskýringarkenninga, lögskýringarsjónarmiða og lögskýringarleiða við lögskýringu að íslenskum rétti. Reifið dóma / dæmi til útskýringar.
- B) Lýsið helstu réttarheimildum íslensks réttar, þ.á m. innbyrðis rétthæð þeirra, og takið jafnframt rökstudda afstöðu til þess hvort röð réttarheimilda skuli ávallt vera bindandi. Reifið dóma / dæmi til útskýringar.

3. Tengingar (5%)

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hver rétt tenging vegur 1,25%.
- (ii) Dregið er frá 0,625% fyrir hverja ranga tengingu.
- (iii) Sé látið hjá líða að tengja jafngildir það rangri tengingu.
- (iv) Aðeins ein tenging er rétt.

Þingræði	Stjórnarskrá
Alþingi og forseti Íslands	Stjórnskipunarvenja
Rannsóknarreglan	Stjórnsýsluréttur
Þrískipting ríkisvalds	Löggjafarvald

4. Krossar (10%)

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hver kross vegur 1,0%.
- (ii) Dregið er frá 1,0% fyrir hvert rangt svar.
- (iii) Sé látið hjá líða að svara telst svarið hvorki rétt né rangt.
- (iv) Aðeins einn svarmöguleiki telst réttur.

1. Breytingar á stjórnarskrá teljast ekki fullgildar fyrr en þær hafa verið samþykktar sérstaklega í þjóðaratkvæðagreiðslu.

- () Rétt
- () Rangt

2. Hafi þjóðréttarsamningur, sem Ísland er aðili að, ekki verið innleiddur inn í íslenskan rétt getur hann enga þýðingu haft fyrir úrlausn ágreiningsmála fyrir íslenskum dómstólum.

- () Rétt

☐ Rangt

3. Af íslenskri dómaframkvæmd verður ráðið að svokölluð undirbúningsgögn við lögskýringu geta haft ákveðið vægi.

☐ Rétt

☐ Rangt

4. Í lögætisreglunni felst það eitt að heimild verður að vera til setningar stjórnvaldsfyrirmæla í almennum lögum.

☐ Rétt

☐ Rangt

5. Ef Ísland væri fullgildur aðili að Evrópusambandinu gæti það breytt þeirri grunnreglu íslensks réttar, sbr. 2. gr. stjórnarskrár, að löggjafarvaldið liggi hjá Alþingi.

☐ Rétt

☐ Rangt

6. Séu sett lög, sem lögð eru til grundvallar við úrlausn máls, skýrð með hliðsjón af meginreglum laga, þá er meginreglum laga jöfnum höndum beitt sem lögskýringarsjónarmiði og sem sjálfstæðri réttarheimild.

☐ Rétt

☐ Rangt

7. Eftirfarandi forsendur sératkvæðis í Hæstaréttarmáli fá illa samrýmst lögætisreglu íslensks réttar: „Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómenda að öðru leyti en niðurstöðu hans um upptöku. Í 3. mgr. 19. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er skýr heimild til upptöku ólöglegra veiðitækja og búnaðar, sem notaður hefur verið við framkvæmd brots. Er sérstaklega gert ráð fyrir því í 2. ml. 3. mgr. þessa ákvæðis að upptakan geti tekið til brota á lögnum og reglum, sem settar eru á grundvelli þeirra. Þótt upptöku hafi ekki verið getið í reglugerð nr. 402/1994, sem í gildi var er brot ákærða voru framin, kemur það ekki í veg fyrir að beita megi framangreindu upptökuákvæði laganna, enda fengu ákvæði þeirrar reglugerðar um refsingu og önnur viðurlög stoð í lögnum. Er samkvæmt þessu heimilt samkvæmt 3. mgr. 19. gr. laga 64/1994 að gera upptækan ríffil ákærða ásamt áfestum sjónauka og tvífæti, sem hann notaði við veiðarnar.“

☐ Rétt

☐ Rangt

8. Tilskipanir í ESB-rétti eru, ólíkt því sem gerist í EES-rétti, bindandi með sama hætti og reglugerðir og þarfnast ekki innleiðingar með sérstakri löggjöf að landsrétti.

☐ Rétt

☐ Rangt

9. Eftirfarandi forsendur Hæstréttardóms fela ekki í sér algerar hömlur við því að stjórnarskrárvarin réttindi borgaranna séu takmörkuð með stjórnvaldsfyrirmælum: „Fyrirmæli stjórnarskrárinnar um, að atvinnufrelsi verði ekki skert nema með lagaboði, verða ekki túlkuð öðruvísi en svo, að hinum almenna löggjafa sé óheimilt að fela framkvæmdavaldshöfðum óhefta ákvörðun um þessi efni. Löggjöfin verður að mæla fyrir um meginreglur, þar sem fram komi takmörk og umfang þeirrar réttindaskerðingar, sem talin er nauðsynleg. Í lögum nr. 4/1988 er engar slíkar efnisreglur að finna, og er utanríkisráðuneytinu þar falið fullt ákvörðunarvald um það, hvenær til leyfisveitingar skuli koma og hvaða skilyrði leyfi geti verið bundin. Svo víðtækt framsal löggjafans á valdi sínu til framkvæmdavaldsins stríðir gegn ofangreindu réttindaákvæði stjórnarskrárinnar og er því ólögmætt.“

☐ Rétt

☐ Rangt

10. Eftirfarandi forsendur sératkvæðis í Hæstaréttarmáli fá samrýmst hlutrænum lögskýringarkenningum: „Ekki tjáir að mínu áliti að veita lagatextanum slíka merkingu með því að vísa til svonefndra lögskýringargagna, svo sem athugasemda með frumvarpi til laga eða framsöguræðu á Alþingi. Það er hinn birti lagatexti sem gildir, sbr. 27. gr. stjórnarskrárinnar og verður ekki vikið frá honum með vísan til slíkra gagna.“

☐ Rétt

☐ Rangt